

Hluthafafundur í Reginn hf. 11. febrúar 2014

Hluthafafundur í Reginn hf. var haldinn þann 11. febrúar 2014 kl. 16.00, í Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi, fundarsalnum Ríma, Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

Fundarstörf:

1. Fundasetning og skipun fundastjóra:

Fundurinn hófst með að formaður stjórnar Elín Jónsdóttir setti fundinn og bar upp þá tillögu að Helgi Jóhannesson hrl. yrði skipaður fundastjóri og var tillagan samþykkt.

2. Boðun fundarins:

Helgi Jóhannesson tók við stjórn fundarins og skýrði svo frá að löglega væri til fundarins boðað með birtingu í Kauphöll ásamt auglýsingum í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu og heimasíðu félagsins þann 16. janúar 2014. og að mætt væri á hluthafafundinn fyrir 48,81% hlutfjár. Fundarstjóri úrskurðaði fundinn því lögmætan sbr. 2. mgr 16. gr sbr. 3 mgr 14. gr. samþykktu félagsins. Helgi Jóhannesson lagði til að Katrín Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri Regins Atvinnuhúsnæðis ehf yrði kjörin fundaritari. Tillagan var samþykkt.

3. Dagskrá:

Dagskrá fundarins var tekin fyrir eins og hún var tilgreind í fundarboði. Tillaga um heimild til stjórnar til að hækka hlutafé félagsins um 128.700.000 kr. að nafnverði með breytingu á samþykktum félagsins sem felst í eftirfarandi viðbót við 4. gr. samþykktu félagsins:

„Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um 128.700.000 kr. að nafnverði. Lögbundinn forgangsréttur hluthafa gildir ekki um hið nýja hlutafé. Stjórninni skal heimilt að ráðstafa hlutfjárhækkuninni sem greiðslu fyrir hlutafé í Klasa fasteignum ehf. á genginu 13,63 krónur á hlut, í samræmi við kaupsamning þar að lútandi dags. 21. desember 2013. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutfjárhækkunarinnar. Framangreind heimild stjórnar Regins hf. rennur út þann 31. desember 2014“.

Fundastjóri upplýsti að áður en tillagan yrðir lögð fram til samþykktar þá myndu Elín Jónsdóttir og Helgi S. Gunnarssontaka forstjóri Regins taka til máls og gera grein fyrir málinu.

Því næst tók Elín til máls og las upp skýrslu stjórnar ásamt því að hún fór yfir aðdraganda að kaupunum, kostnað við kaupin o.fl.. Elín tók fram að kaupin féllu að fjárfestingastefnu félagsins og að þau myndu að mati stjórnar styrkja félagið. Elín fór jafnframt yfir helstu breytingar sem orðið hafa á hluthafahóp félagsins.

Næst tók Helgi S Gunnarsson, forstjóri Regins hf., til máls og fór yfir kynningu þar sem farið var yfir helstu rekstratölur Klasa fasteigna ehf, Regins hf og sameiginlegt félag.

Helgi benti m.a. á að í kynningunni væri að finna endurskoðaða rekstrarspá fyrir árið 2014.

Að þessu loknu tók Helgi Jóhannesson við og bar tillöguna upp til atkvæða.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Engin önnur mál voru á dagskrá fundarins.

4. Fundagerð:

Fundastjóri bar því næst upp tillögu um að honum og fundaritara yrði falið að ganga frá og undirrita fundagerð án þess að hún væri lesin upp fyrir fundinn. Tillagan var samþykkt og jafnframt tilkynnti fundastjóri að fundargerðin yrði aðgengileg fyrir fundarmenn á heimasíðu Regins hf., www.reginn.is.
eftir birtingu helstu niðurstaða fundarins í Kauphöll

Að þessu loknu sleit fundastjóri fundinum.

Fundastjóri:
Helgi Jóhannesson

Fundaritari:
Katrín Sverrisdóttir